



Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í febr. Efni þarf að berast í síðasta lagi 4.febr

Tilkynning frá Hjónaballsnefnd 2018

Hjónaballsnefnd 2018 ásamt fulltrúum sveitarstjórnar hafa verið að skoða möguleikana á því að færa hjónaskemmtun 2018 frá Félagsheimili Hrunamanna í Íþróttahúsið á Flúðum, er sú vinna langt komin og stefnum við á að halda skemmtunina þar. Með því að færa skemmtunina í Íþróttahúsið fæst meira pláss fyrir borðhald og þá þarf ekki að færa nein borð til eftir að borðhaldi líkur.

Við í nefndinni vitum að þetta er miklu meiri vinna en að hafa þetta hefðbundið og um tilraunaverkefni að ræða, en með samstilltu átaki nefndar og Hreppsins ætti þetta að takast. Takið laugardaginn 3.mars frá og hlökkum til að sjá ykkur sem flest í íþróttahúsinu.



Zawiadomienie od Komisji ds. Małżeństwa 2018

Komisja małżeńska z 2018 r., Wraz z przedstawicielami lokalnego samorządu, zastanawiała się nad możliwościami zawarcia małżeństwa w 2018 r. Od Towarzystwa Hrunamanna do Gimnazjum Flúðir, ta praca dobiegła końca i ma na celu utrzymanie dobrej zabawy

Zabranie rozrywki na siłownię zapewnia więcej miejsca na kolację, a po kolacji nie trzeba dodawać stołu.

My w komisji wiemy, że jest to o wiele więcej pracy niż posiadanie tego tradycyjnego projektu pilotażowego, ale przy wspólnym wysiłku komitetu i Hreppur należy się zająć.

3 marca i cieszymy się na spotkanie z Państwem w hali sportowej

Hjónaballsnefnd 2018

Komitet małżeński 2018

Þröstur og Sigrún. Víðir og Kristín. Hilmar og Fanney. Grétar og Elísabet. Bragi og Maja. Bjarni og Hildur. Janusz og Marzena. Margrét. Einar. Páll og Margrét.

jan 2018
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
322 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Árið 2018 er runnið upp og undarlegt að vita til þess að það eru liðin 18 ár frá síðustu aldamótum og 100 ár frá frostavetrinum mikla. Áramót eru tími uppgjörs og áætlana og nú er verið að vinna að því að koma samþykktum verkefnum fyrir árið 2018 í framkvæmd en sveitarstjórn er búin að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og 2019-2021. Okkur sýnist að það verði mikið umleikis í sveitarfélaginu á þessu ári, bæði hjá sveitarfélaginu og einkaaðilum. Við fyrstu sýn ætti síðan árið 2017 að líta þokkalega út fjárhagslega fyrir sveitarfélagið en ytri aðstæður eins og verðbólga og almenn umsvif í samfélaginu hafa verið okkur hagstæð og tekjur ríkisins miklar sem skilar sér að hluta til okkar. Endanlegt uppgjör fyrir sveitarfélagið liggur síðan ekki fyrir en árseikningur 2017 er lagður fram í apríl.

Maður hljómar kannski eins og illa rispuð plata en enn og aftur eru úrgangsmálin manni hugleikin þegar horft er í baksýnispegillinn varðandi rekstur sveitarfélagsins á árinu 2017. Nú virðist aukning á magni úrgangs vera á bilinu 20-30% og samhliða því aukning kostnaðar í svipuðum hlutföllum og er þetta þriðja árið í röð sem þessi þróun á sér stað. Þó góðu fréttirnar séu þær að þetta sýni umsvif í samfélaginu þá er ljóst að sameiginlegir sjóðir okkar eru að greiða mikið með þessum málaflokki sem á helst að standa undir sér. Þessi málaflokkur verður eflaust stór á þessu ári en ljóst er að aðgerða er þörf, bæði með að auka flokkun og endurnýtingu og láta málaflokkinn standa undir sér eins og kostur er. Þá vil ég vekja athygli á að sorphirðudagatal fyrir árið 2018 er komið út og er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins. Ég hvet síðan fólk til að nýta sér flokkunarmöguleika gámasvæðisins á Flúðum og minni á að sorptunnur við hús eru hugsaðar fyrir venjulegan daglegan úrgang en ekki stórnotkun.

Varðandi stjórnarsýsluna þá vil ég vekja athygli á nýjum samningi sveitarfélagsins við Björgunarfélagið Eyvind en verið er að auka stuðning við þessa frábæru starfssemi sem hér er rekin. Fullyrði ég að Eyvindur er ein öflugasta björgunarsveit landsins og mikill öryggisventill fyrir okkar samfélag og reyndar Uppsveitir allar. Þá erum við líka ánægð með að vera búin að setja okkur húsnæðisstefnu fyrir árin 2017-2025 og vil ég þakka sérstaklega honum Daða Geir í Bryðjuholti fyrir góða vinnu í því sambandi. Þá er ég einnig ánægður með að búið er að staðfesta hvað okkur varðar orkunýtingarstefnu SASS fyrir árin 2017-2030 en þar er gert ráð fyrir að orkan sé nýtt meira til uppbyggingar á okkar svæði en það er t.d. óþolandi að 56% af allri raforku sé framleidd á Suðurlandi en aðeins 4% hennar nýtt á svæðinu.

Annars erum við á skrifstofunni sveitt þessa dagana að skipta um launakerfi og taka upp DK kerfi en fyrir ári síðan skiptum við bókhaldskerfinu líka yfir í DK. Allar þessar kerfisbreytingar kalla á mikla vinnu og aðlögun hjá starfsfólki skrifstofunnar sem hefur staðið sig með miklum sóma í þessu verkefni. Þá eru smá breytingar á starfmannamálum hjá okkur en Margrét Gunnarsdóttir lætur af störfum sem húsvörður í íþróttahúsi og vil ég þakka henni fyrir sín störf. Við munum síðan leysa þá stöðu tímabundið innanhúss hjá okkur fram á vorið.

Árið 2017 og jólin voru kvödd með brennum um áramót og helgarþrettándanum sem að þessu sinni bar upp á réttan dag. Þá spillti ekki fyrir glæsileg flugeldasýning hjá Björgunarfélaginu Eyvindi á þrettándanum og einnig að þrettándabrennan „brann“ þetta árið. Vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum sem komu að þessum viðburðum til að gleðja okkur hina. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur

Nú er nýtt ár gengið í garð og tók nýja árið á móti okkur með fallegu vetrarveðri á fyrsta degi ársins. Liðið ár hefur verið okkur gott hjá sveitarfélaginu og margt hefur verið um að vera. Jón sveitarstjóri hefur í sínum mánaðarpistlum talið upp það helsta sem um er að vera hverju sinni og ætla ég því bara að stikla á nokkrum málum hér í mínum pistli.

Vinnu við endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps lauk loksins á árinu en það var ekki fyrr en í desember að Skipulagsstofnun var tilbúin að samþykkja aðalskipulagið okkar. Við vorum ekki sátt við margar af athugasemdom stofnunarinnar og verður að segjast að okkur finnst þau vera farin að seilast ansi langt í að hafa áhrif á skoðanir okkar í skipulagsmálum.

Þar sem nýtt aðalskipulag er nú samþykkt verður farið í að vinna í verkefnum sem voru í biðstöðu. T.d að klára að deiliskipuleggja Grafarsvæðið en þar eiga að koma fjölbreyttar íbúðarhúsa- og þjónustulódir.

Nú í sumar fengum við Daða Geir Samúelsson til að vinna fyrir okkur húsnæðisáætlun en sveitarfélög þurfa að setja sér slíka áætlun. Í áætluninni kemur fram hvernig staðan er í húsnæðismálum og hvert við viljum stefna á komandi árum. Áætlunin var samþykkt í sveitarstjórn nú í byrjun desember og hvet ég alla til að kynna sér hana frekar inná heimasíðunni okkar fludir.is.

Aukning hefur verið á húsbyggingum hér í sveitinni og flest það húsnæði sem hér hefur farið í sölu hefur selst fljótt og er það gott þegar þeir sem byggja eða kaupa setjast hér að með fasta búsetu og verða þátttakendur í samfélaginu okkar.

Nokkur umræða hefur skapast um þann fjölda íbúðahúsa sem keypt hafa verið og eru notuð sem sumarhús og nýtast þá ekki til fastrar búsetu fyrir þá sem vilja setjast hér. Það er ekki gott þegar mörg íbúðarhús í ekki stærra samfélagi verða að sumarhúsum þegar eftirspurn eftir húsnæði er mikil.

En það eru tvær hliðar á öllum málum og viljum við geta keypt okkur húsnæði annarsstaðar til að nota þegar við þörfnumst þess og til eru dæmi þess að fólk hafi keypt húsnæði t.d í Reykjavík til þess að börnin hafi kost á því að sækja skóla þar. Eins er það svo að margir af þeim sem eiga sumarhús hjá okkur verða hluti af samfélaginu og taka þátt í því og jafnvel enda svo á því að flytja alveg til okkar. Með auknu framboði af húsnæði ætti að skapast rými fyrir alla þá sem áhuga hafa á að setjast hér að og þá sem velja að eyða frístundum sínum hér hjá okkur.

Eitthvað er um það að fólk er að leigja húsin sín út til ferðamanna hér í þéttbýlinu og vil ég benda á að til þess að það sé leyfilegt þarf húsnæðið að uppfylla ákveðnar kröfur og vera skráð hjá Sýslumanni. Við leyfum einungis útleigu samkvæmt 90 daga reglunni hér í íbúðabyggð á Flúðum og vil ég biðja fólk að virða það og fara eftir þeim reglum sem um það gilda. Fyrirtæki hafa verið að hefja starfsemi hér í sveitinni og önnur að auka starfsemi og koma inn með nýjungar. Vil ég óska þessum aðilum til hamingju með þessar flottu framkvæmdir. Nokkuð er af hugmyndum sem koma inná borð hjá okkur um ný fyrirtæki og uppbyggingaráform. Það verður gaman að fylgjast með þeim hugmyndum og eru þar mörg spennandi verkefni sem munu auka á fjölbreytileikan í atvinnuframboði hjá okkur. Nú er verið að leggja lokahönd á samninga um framleiðslu á rafmagni úr Kópavatnsholunni. Það eru íslenskir fjárfestar og sænskt tæknifyrirtæki sem við erum að fara í samstarf við og munu þeir sjá um rafmagnsframleiðsluna. Spennandi verkefni sem unnið er í að verði að veruleika. Seyruverkefnið, sem er samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga, hefur gengið vel og tókum við ákvörðun um það nú í lok árs að stækka verkefnið og sjá sjálf um hirðingu á seyrinni og er búið að panta hreinsibíl sem mun koma til okkar á vordögum. Með því teljum við að við náum að sinna verkefninu enn betur og nýta þann búnað sem við eigum betur og jafnar yfir árið.

Sorpmálin eru þau mál sem eru við þurfum að vinna betur í og nú liggur fyrir að við förum í þá vinnu að flokka meira til að draga úr kostnaði og hlúa betur að umhverfinu.

Á síðasta ári hefur verið unnin mikil undirbúningsvinna vegna lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu. Búið er að bjóða verkið út og mun Gröfutækni sjá um að leggja ljósleiðarann fyrir okkur og verður byrjað um leið og veður og færð leyfa. Við fengum ekki styrk frá Ísland Ljóstengt við síðustu úthlutun til að klára tengingar, fyrir það sem eftir er sem er 1/3 af heimilum, en við vonumst til að geta unnið verkið þannig að hægt verði að leggja allt á þessu ári og klára tengingar í byrjun árs 2019.

Í lok árs var fjárhagsáætlun fyrir 2018 samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu samstæðunnar upp á 57 milljónir. Nettófjárfestingar ársins verða um 100 milljónir. Einhverjar lántökur þarf að fara í vegna framkvæmda en skuldahlutfallið er að lækka hjá okkur og verður það 75% af heildartekjum.

Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignamat um 15,1% á húsnæði hér hjá okkur það var því ákveðið í fjárhagsáætlun, að koma til móts við þá hækkun og lækka álagningahlutfall fasteignaskatts í a flokki í 0,54% úr 0,59%.

Mörg mál stór og smá hafa komið inná borð hjá okkur á liðnu ári og hvet ég alla til að lesa fundargerðir sveitarstjórnar, sem hægt er að nálgast á heimasíðunni okkar, til að fylgjast með því sem er að gerast á borði sveitarstjórnar því erfitt er að koma því öllu fyrir í einum pislí.

Ég vil að lokum enda pistilinn á því að þakka fyrir ýmislegt sem er í gangi og er af nógu að taka því ég tel okkur búa í góðu samfélagi með frábæru fólki.

Ég vil þakka:

- Starfsfólki skólanna okkar sem hafa starfað vel og skilað af sér góðum nemendum.
 - Nemendum skólanna fyrir það sem þau leggja á sig til að gleðja samfélagið með uppákomum og skemmtunum.
 - Öllum þeim félögum og kórum sem starfa í sveitarfélaginu fyrir gott starf í þágu samfélagsins. Það væri snautt íþrótta-, tómsunda - og menningarlíf í sveitarfélaginu ef þeirra nyti ekki við.
 - Prestinum okkar og þeim sem halda utanum kirkjustarfið hjá okkur fyrir góð störf. Ekki bara leitum við til þeirra í okkar dýpstu sorgum heldur einnig í okkar mestu gleði.
 - Öllu okkar góða starfsfólki fyrir þeirra störf, bæði þeim sem starfa hér hjá okkur í sveitarfélaginu og þeim sem starfa fyrir okkur í samstarfsverkefnum.
 - Sveitarfélögunum hér í kringum okkur fyrir gott samstarf á árinu.
 - Öllu nefndarfólkinu okkar sem situr í nefndum sveitarfélagsins fyrir þeirra störf
 - Sveitarstjórn fyrir gott starf á árinu og góða samvinnu.
- Að lokum vil ég sérstaklega þakka Stefáni Arngrímssyni og Guðrúnu Hermannsdóttur fyrir þeirra góðu störf, til margra ára hjá okkur, en þau létu af störfum nú um áramótin.
- Í vor lýkur þessu kjörtímabili og haldnar verða sveitarstjórnarkosningar. Ég vil hvetja alla sem áhuga hafa á að taka þátt og bjóða sig fram til að starfa fyrir samfélagið okkar. Það eru skemmtileg verkefni sem eru í boði sem gaman er að vinna að.
- Ég vil að lokum óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að nýja árið verði okkur öllum bjart og fagurt.
- Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímáptanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímáptanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningarklasi uppveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16.00-21:30, föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur er opinn um helgar þegar mót eru í húsinu.

Fylgist með á facebook!

**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.**

**Ög allar sumarþústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

TAXI DRIVER Sími: 7760810 & 7831224





Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotubúnd frá landnámi

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is

Nudd - Massage

Nú er í boði
endurnærandi heilnudd
og Bowen meðferð í
Bergholti - Kistuholti 3,
Reykholti á mánudögum
og þriðjudögum.
Tímabókanir og nánari
upplýsingar má finna á
facebook síðunni minni:
NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944

nilsgudjon@gmail.com

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánnum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Sjáumst á bókasafninu ☺

Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Svo er um að gera að „líka við“ bókasafnið á  Facebook



Þorabrát Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldið laugardaginn 3. febrúar 2018.

Árni Þór og Bjössu sjá um að halda uppi stuði fram á nótt.

Flutt verða minni kvenna og karla af heimamönnum ásamt öðrum skemmtilegum heimatilbúnum uppákomum.



Dagskráin verður auglýst síðar á samfélagsmiðlum og með dreifibréfi.

Allur ágóði af þessari samkomu mun fara á góðan stað þar sem hans er brýn þörf. Við treystum á að Hrunamenn fjölmenni á þessa samkomu með gesti og sýni Kvenfélaginu stuðning í verki. Bestu nýárskveðjur, fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps 2018

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Opið hús verður í Félagsheimili Hrunamanna
miðvikudaginn 17. janúar kl. 14.

Spiluð verður félagsvist.

Kærar kveðjur,
stjórnin



Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
4. jan	5. jan Flúðir 18-21	6. jan Borg 18:00-20:30
11. jan Laugarvatn 18:00-20:30	12. jan Brautarholt 18:00-20:30	13. jan Reykholt 18-21
18. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum	19. jan Þorrablót lokað í dag	20. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum
25. jan Laugarvatn 18:00-20:30	26. jan Árnes 18:00-20:30	27. jan Reykholt 18-21

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1. feb Laugarvatn 18:00-20:30	2. feb Flúðir 18-21	3. feb Borg 18:00-20:30
8. feb	9. feb Brautarholt 18:00-20:30	10. feb Reykholt 18-21
15. feb Laugarvatn 18:00-20:30	16. feb Flúðir 18-21	17. feb Lokað í dag
22. feb	23. feb Vetrarfrí	24. feb Vetrarfrí

Karlasport

Mánudaginn 15.janúar hefst 9 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 16.000 krónur.

Æfingatímar: Mánudagar 20:00-21:00 og miðvikudagar 19:40-20:40.

Margrét Guðmundsdóttir sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hún við skráningum á netfangið margretg@fludaskoli.is ásamt því að svara spurningum um karlasportið.



S.S. FRÉTTIR:

8.des. sl. var hinn árlegi deildastjórafundur Sláturfélagsins, haldinn í starfsstöð félagsins á Hvolsvelli. Vel var mætt og umræður málefnalegar. Fram kom m.a. að rekstur félagsins er þungur, og skiptast á skyn og skúrir í þeim efnum. Launakostnaður er að hækka, vegna kjarasamninga og samkeppnin á mörkuðunum, hörð og óvægin. Því er eins gott að halda rétt á spilunum. Greiðslustaðan er þó góð, og allar afurðir, fjárfestingar og önnur útgjöld staðgreidd með lausafé, þ.e. án lántöku. Ég mun ekki tíunda fleira að sinni, en minni á deildafund Hruna, Gnúpverja og Skeiðadeilda, sem haldinn verður miðvikudaginn 28 febr. n.k. á Brautarholti. Þar mun Steinþór forstjóri fara nánar yfir rekstur félagsins sl. ár. Þessi fundur er öllum opinn, og hvet ég sem flesta til að mæta.. Nánar auglýst þegar nær dregur. Að endingu óskar Sláturfélag Suðurlands öllum gleðilegs árs, með kæru þakklati fyrir samskiptin á liðnu ári. Minni fólk á að deildarstjóri er til þjónustu reiðubúinn, sem tengiliður við félagið.

Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum.



**Bíla- og
smáflutningar
8917772**

Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158




Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



BAÐSTOFUKVÖLD

VÖRÐUKÓRINN Heldur sitt árlega Baðstofukvöld í Felagsheimilinu Árnesi föstudagskvöldið 2. febrúar kl. 20:30

Kappkostað er að bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá og að sjálfsögðu býður þessi matglaði kór upp á veitingar, auk þess sem barinn verður opinn.

Uppsveitafólk er þekkt fyrir að skemmta sér og öðrum og verður þetta kvöld engin undantekning á því. Setið verður til borðs og notaleg stemning, gleði og gaman í fyrirrúmi.

Miðaverð er 2500 krónur.



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Flugeldasýning 2018

Eins og flestir vita var haldin flugeldasýning laugardaginn 6. jan sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins. Eftirtaldir aðilar buðu uppá Flugeldasýninguna 2018.

Arion banki,

Auðsholtsbúið

Bára og Bjarni Fossi

Árni ehf

Ásgerði 2

Búnaðarfélag Hrunamanna

Flúðajörfi

Flúðaverktakar

Fossi ehf

Fraktlausnir

Gamla Laugin

Grænnaland ehf

Gröfutækni ehf

Hitaveita Flúða

Hótel Flúðir

Hrunamannahreppur

Íslenskt grænmeti ehf.

Júlíus Sveinss

Jón Snorrason

Kaffi Sel

Kjöt frá Koti

Landsbankinn

Límtré Vírnet

Minilik veitingahús

Pizzavagninn

Veitandi

Vinnuvélar Úlfars Harðar

Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir flutning á sprengiefninu á skotstað, Flytjanda fyrir að koma efninu til okkar og Sindra Bakarí fyrir að bjóða okkur uppá dýrindis bakkelsi við flugeldavinnuna.

Með von um gott og slysaust ár og þökk fyrir stuðninginn á árinu sem er liðið

Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Vindur



Sveitarstjóri og formaður Björgunarfélagsins Eyvindar
handsala nýjan samning milli Eyvindar og Hrunamannahrepps



Skoðunarferð skipulagsnefndar og starfsmanna UTU í Búrfell



Nýtt aðalskipulag
Hrunamannahrepps undirritað

Erindi flutt á 50 ára afmælistóti bridsdeildar UMFH.

Briddsdeild U.M.F.H. 50 ára.

Í tilefni þess að bridsdeild U.M.F.Hrunamanna er orðin 50 ára, langar mig til að rifja upp tilurð þess að bridsdeildin var stofnuð. Það var á árunum upp úr 1960 að hópur manna stundaði hér skák sér til gamans. Í þessum hópi voru nokkrir menn sem spiluðu brids í heimahúsum. Það komst til tals að gaman væri að hittast í Félagsheimilinu og taka í spil. Svo var það á aðalfundi U.M.F.H. að Ásgeir Gestsson bar upp þá tillögu að kosin yrði skák og bridsdeild. Þessi tillaga var samþykkt og var Guðmundur Jónsson kosinn formaður. Þann 26. október var boðað til spilamennsku og mættu þar tólf menn og spiluðu einmenning. Telst þetta vera stofndagur deildarinnar. Eftirtaldir spilarar mættu sem stofnfélagar. Gestur Guðmundsson + Böðvar Guðmundson + Karl Gunnlaugsson + Magnús Gunnlaugsson + Ásgeir Gestsson + Halldór Gestsson + Guðmundur Böðvarsson + Guðmundur Jónsson + Jóhannes Sigmundsson + Garðar Olgeirsson + Helgi Jónsson og Guðmundur Sigurdórsson. En hvernig og hvar lærðu þessir menn að spila brids? Sem dæmi má nefna að Í Miðfellshverfi um 1940 var spilað á vetrarkvöldum. En það voru þeir Jón Þórðarson (hann spilaði síðast 98 ára gamall) og sonur hans Þórður, Gunnlaugur Magnússon, Guðmundur Sigurdórsson og Magnús Ögmundsson, Galtafelli. Á Hrafnkelsstöðum og Syðra-Seli var oft spilað. Það voru bræðurnir Gestur og Böðvar, Helgi og Sveinn á Hrafnkelsstöðum, Sigurður í Hvítárholti, séra Sveinbjörn í Hruna og Daníel Guðmundsson. Þá kom fyrir að Hælsbræður þeir Gestur og Einar mættu þar til leiks. Á Kaldbak var líka spilað, þar spiluðu Kristmundur bóndi þar og Guðjón bróðir hans, Massi í Jötu, Sveinn á Hrafnkelsstöðum og Högni í Laxárdal. Í Birtingaholti var líka spilað. Hvar þessir bændur lærðu spilið veit ég ekki? En þarna lærðu unglíngarnir spilið. Guðmundur Jónsson, sem nú er látinn, var kosinn fyrsti formaður og spilastjóri deildarinnar árið 1967 til ársins 1972.

Því miður hefur ekki fundist stafur um starfsemina þessi ár, en spilað var vikulega alla þessa vetur. Þá var spilaður tvímenningur, einmenningur og sveitakeppni um Jónsbikarinn. (Árið 1977 bættist svo tvenndarkeppnin við). Garðar Olgeirsson var kosinn formaður 1973. Hann skilaði ársskýrslu um starfið fyrir árið 73, 74 og 75. Frá og með þessum tíma og til dagsins í dag er til skrá um alla starfsemi deildarinnar. Árið 1982 urðu tímamót í starfinu, en þá gekk deildin í Bridssamband Íslands undir nafninu Bridsfélag Hrunamanna, þá var farið að skrá inn bronsstig eftir árangri hvers spilakvölds. Karl Gunnlaugsson hefur alfarið séð um skráningu bronsstiga og úrslit móta. Árið 76 var Karl kosinn formaður og spilastjóri. Hann gegndi formennsku til ársins 2000, en þá tók Ari Einarsson við formennsku. síðan hafa þau Bjarni Ansnes, Pétur Skarphéðinsson og Margrét Runólfsdóttir gegnt formennsku. Ritari lengst af hefur verið Viðar Gunneirsson. Gjaldkeri til langstíma var Jóhannes Sigmundsson, hann baðst undan endurkjöri á aðalfundi 2014, þá var Guðrún Einarsdóttir kosin gjaldkeri. Á sama fundi baðst Karl undan endurkjöri sem spilastjóri eftir um 40 ár. Valdimar Stefán Sævaldsson tók við starfinu, en frá þessum tíma hafa verið fengin tölvugefin spil frá bridssambandinu. Hótel hjónin þau Margrét og Guðmundur sýndu þá mikinn rausnarskap og gáfu félaginu tölvu og prentara til úrvinnslu úr spilunum, en áður handreiknaði Karl öll úrslit, var það oft mikil yfirlega. Ingólfur heitinn Pétursson sem bjó hér um tíma, var okkur mikil stoð og stytta í fyrstu, í sambandi við útreikninga keppnisbríds og stigagjöf. Til er skrá yfir alla þá sem tekið hafa þátt í starfinu, en þeir eru nú alls 212. Nú þegar við höldum upp á 50 ára afmælið er ástæða til að þakka öllum sérstaklega fyrir þáttöku í starfi og spilamennsku öll þessi ár. Til að sýna þakklæti mitt persónulega, til ykkar allra, langar mig til að gefa brídsdeildinni tvö spilaborð sem hér eru notuð í dag. Að lokum vil ég benda hér á nokkrar möppur sem innihalda upplýsingar um starfið, í þessum möppum er saga deildarinnar skráð, það yrði of langt mál að flytja þá sögu hér. Kærar þakkir fyrir samstarfið í 50 ár og gæfuríka framtíð við spilaborðið.



Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2018

janúar		febrúar		marts		
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

apríl		maí		júní		
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

júlí		ágúst		september		
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

október		nóvember		desember		
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

- Sorp - Efri Hrunamannahreppur
- Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
- Blá tunna - Allur Hrunamannahreppur
- Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirðing fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is

